

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
setningu málþings Háskóla Íslands og Alvotech um framtíð og
nýsköpun á sviði líftækni lyfjaþróunar. Haldið í Hátíðasal
miðvikudaginn 10. nóvember 2021 kl. 14.00**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, aðstoðarforstjóri Alvotech,
fundarstjóri, fyrirlesarar, góðir gestir nær og fjær.

Það er mér sönn ánægja að segja fáein orð hér í upphafi þessa
málþings um framtíð nýsköpunar sem efnt er til í samstarfi Háskóla
Íslands, Alvotech og Vísindagarða Háskóla Íslands. Hér verður sjónum
beint að fyrirtækjum tengdum líftækni og lyfjaiðnaði sem sprottið
hafa upp úr rannsóknum og hugmyndum innan Háskóla Íslands – og
þeirri spurningu hvernig efla má enn frekar samstarf vísinda og
nýsköpunar innan háskóla í þágu fjölbreytts og framsækins
atvinnulífs.

Góðir gestir. Háskóli Íslands er háskóli okkar allra og hann leggur í
öllu starfi sínu áherslu á að starfa í þágu íslensks samfélags og að
rannsóknir starfsmanna og nemenda skili vísindalegum,
samfélagslegum og efnahagslegum afrakstri og ábata. Er þetta í
samræmi við áherslu stjórnvalda hér á landi og ekki síður opinbera
stefnumörkun í okkar helstu samstarfsríkjum, s.s. innan
Evrópusambandsins. Í beinu framhaldi af þessu er í starfi Háskóla
Íslands lögð rík áhersla á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem
miða að því að tryggja sjálfbæra þróun og lífsgæði mannkyns á
jörðinni til allrar framtíðar.

Háskóli Íslands er lykilstofnun í íslensku samfélagi og hefur skólinn markað þá stefnu að leggja heimsmarkmiðunum sautján sem mest af mörkum með kennslu, rannsóknum og nýsköpun. Til marks um þetta má nefna að heimsmarkmiðin eru miðlæg í nýrri stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 sem ber yfirskriftina „Betri háskóli – betra samfélag“. Áherslan á gæði rannsókna, undirbúningur stúdenta og ekki síst frumkvöðla- og nýsköpunarstarf í Háskóla Íslands mun skipta sköpum fyrir framlag og árangur okkar í þágu heimsmarkmiðanna.

Það er margt sem fellur undir nýsköpun og stuðlar að framgangi hennar í öllu umhverfi okkar. Sífelld meiri fjöldi hagnýtra rannsóknaniðurstaðna kemur frá Háskóla Íslands og er í ljósi áherslu þessa málfings áhugavert að skoða sérstaklega framlag heilbrigðisvísindanna. Háskóli Íslands á í dag hlut í 20 sprotafyrirtækjum og eru 13 þeirra tengd líf- og heilbrigðisvísindum, en þess má geta að Landspítalinn sem er okkar nánasti samstarfsaðili á hlut í 8 þessara fyrirtækja. Þá hefur Hugverkanefnd fyrir hönd Háskólans og Landspítalans haft aðkomu að 18 einkaleyfisumsóknum, þar af 7 í líf- og heilbrigðisvísindum, og eru fjórar þeirra enn í einkaleyfaferli. En við vitum að gera má enn betur í tækniyfirfærslu. Þess vegna er starf Auðnu tæknitorgs, sem Einar Mäntylä mun fjalla um hér á eftir svo mikilvægt. Það er nauðsynlegt að Auðna haldi áfram að dafna.

Með kraftmiklu nýsköpunarstarfi stuðlum við saman að hagvexti og bættum lífsgæðum okkar allra. Við virkjum hugvitið og færum þannig framlag til framtíðarinnar.

Góðir gestir. Málþingið hér í dag er ekki síst helgað lyfjafræði og afrakstri hennar. Lyfjafræði á sér langa og merka sögu hér á landi og upp úr þeim frjóa farvegi spratt Lyfjafræðideild Háskóla Íslands sem hefur komist í fremstu röð meðal fræðigreina skólans. Þar hafa margir merkir vísindamenn komið við sögu, en að öðrum ólöstuðum vil ég sérstaklega nefna Þorstein Loftsson prófessor, sem talar hér á eftir og hefur um áratugaskeið verið meðal fremstu vísindamanna Háskóla Íslands og fyrstur þeirra til að komast á lista yfir áhrifamestu vísindamenn heims. Þorsteinn er ekki aðeins frábær vísindamaður heldur raðfrumkvöðull sem hefur náð afburaðárangri á þeim vettvangi.

Okkur öllum hefur verið mikil ánægja að sjá framúrskarandi uppgang Controllant á undanförunum árum, en mér er minnisstætt þegar Gísli Herjólfsson, Erlingur Brynjúlfsson og Trausti Þórmundsson stigu fyrstu skrefin með fyrirtækið við Háskóla Íslands fyrir rúmum áratug. Ég veit að menntun þeirra allra við HÍ hefur nýst þeim vel.

Góðir gestir. Ég vil ljúka máli mínu hér í dag á því að nefna afar farsælt samstarf Háskóla Íslands og Alvotech sem staðið hefur frá árinu 2018. Markmið samstarfsins er að efla nýsköpun á sviði líftækni og styðja við grunnrannsóknir með áherslu á að mennta fleiri vísindamenn á því sviði hér á landi. Á síðustu árum hefur upp

úr þessum jarðvegi vaxið þverfaglegt samstarf í kennslu og námi, rannsóknum og nýsköpun. Þetta birtist m.a. í meistaranámsleiðinni iðnaðarlíftækni en fyrstu nemendurnir brautskráðust frá þeirri námsleið síðastliðið vor. Þá hóf hópur nýútskrifaðra nemenda frá Háskóla Íslands launað starfsnám hjá Alvotech og fleiri munu bætast í þann hóp á nýju ári.

Góðir gestir. Samstarf Háskóla Íslands og Alvotech er dæmi um þau ótalmögru tækifæri sem við höfum á sviði samvinnu háskóla og atvinnulífs í líftækni. Með slíku samstarfi getum við skotið sífellt fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf með spennandi tækifærum fyrir ungt fólk sem hefur bæði efnahagslega og samfélagslega þýðingu fyrir íslenska þjóð. Þannig tryggjum við best að Ísland verði réttnefnt land tækifæranna fyrir komandi kynslóðir.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar enda eigum við spennandi dagskrá í vændum hér í dag. Ég gef nú Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur orðið.

Takk fyrir.